

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/851*  
*komudagur 23.1.2003*

**EYÞING** – *Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum* –  
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang [eything@est.is](mailto:eything@est.is)

Akureyri 21. janúar 2003


Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál, EES-reglur. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Stjórn Eyþings gerir sér ljóst að með frumvarpinu er verið að innleiða tilskipun Evrópuráðsins, en lýsir yfir áhyggjum af miklum kostnaðarauka fyrir sveitarfélögin sem fylgja mun í kjölfarið verði frumvarpið að lögum. Þá hafa komið fram verulegar efasemdir um að umhverfislegur ávinningur verði í samræmi við þann kostnaðarauka.

Stjórnin leggur því áherslu á að vandað kostnaðarmat verði unnið áður en frumvarpið verður tekið til afgreiðslu og leggst gegn því að frumvarpið verði samþykkt fyrr en slíkt kostnaðarmat liggur fyrir.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónsson

framkv.stjóri

## **FHU** Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjanesbær, 27. september 2002

### **Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa fagnar því að meðhöndlun og förgun úrgangs fái nú traustan grunn og lagastoð með setningu umræddra laga. Félagið vill þó gera nokkrar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Athugasemdir félagsins lúta einkum að ákvæðum er varða framkvæmd eftirlits og beitingu þvingunarúrræða en einnig eru gerðar athugasemdir við nokkrar greinar sem snúa að öðru efni frumvarpsins.

#### **Athugasemdir við einstakar greinar:**

##### Athugasemdir við 4. grein:

Í 2. mgr. segir að heilbrigðisnefndir annist eftirlit með meðhöndlun úrgangs. Skv. skilgreiningu á hugtakinu „meðhöndlun“ í 3. gr. nær hún til allra þátta, þ.m.t. förgun úrgangs. Í athugasemdum með frumvarpinu segir hinsvegar að Hollustuvernd ríkisins fari með eftirlit með því að ákvæði starfsleyfis, væntanlega fyrir fyrir urðunarstaði og brennslustöðvar, séu virt. Þar sem förgum er innifalin í hugtakinu „meðhöndlun“ kunna að koma upp grá svæðið. E.t.v. þyrfti því að nota annað hugtak en „meðhöndlun“ eða fela heilbrigðisnefnd eftirlit með allri meðhöndlun á úrgangi að förgun meðtalinni. Sjá einnig athugasemdir við 21. gr.

Í 3. mgr. er fjallað um meðhöndlunaráætlun sem Hollustuvernd ríkisins á setja upp. Hér hefði mátt setja skírari ákvæði um stefnu stjórnvalda varðandi meðhöndlun úrgangs í stað þess að þau birtist hugsanlega í landsáætlun Hollustuverndar ríkisins. Þá er rétt að benda á að ekki kemur fram hvaða ár fyrsta áætlunin eigi að líta dagsins ljós.

Í 4. mgr. er sveitarstjórnnum gert að semja og staðfesta áætlum fyrir viðkomandi svæði. Í þessu ákvæði þyrfti að koma fram hvaða ár fyrsta slíka áætlunin eigi að liggja fyrir.

Athugasemdir við 5. grein:

Í 1.mgr. er ráðherra heimilt að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi mæli ríkar ástæður með slíku. Hér er gengið lengra en í nýlega samþykktum lögum nr. 98/2002 um breytingu á lögum nr. 7/1998. Þar er í 2. mgr. 3. gr. að finna svipað undanþágu ákvæði en þar er gert ráð fyrir umsögn heilbrigðisnefndar áður en slík undanþága er veitt. Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa telur eðlilegt að heilbrigðisnefndir veiti umsagnir um undanþágur af þessu tagi eins og gert er ráð fyrir í lögum nr. 7/1998.

Í 2.mgr. segir að Hollustuvernd ríkisins skuli gefa út starfsleyfi fyrir söfnunarstöð ef hún er rekin í tengslum við móttökustöð, en að öðru leyti veitir heilbrigðisnefnd söfnunarstöðvum starfsleyfi. Hér er útlit fyrir „grá svæði“ í framkvæmd laganna.

Í 3. mgr. er Hollustuvernd ríkisins veitt heimild til að setja ákvæði í starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem heimilar förgun á eigin úrgangi á framleiðslustað. Ekki er við hæfi að Hollustuverndin sé að „krukka“ í þau starfsleyfi sem heilbrigðisnefndir gefa út, þ.e. leyfi gefin út skv. fylgiskjali 2 í rg. 785/1999, og ætti því að skipta orðunum „Hollustuvernd ríkisins“ út fyrir orðin „Útgáfuaðila starfsleyfis“.

Athugasemdir við 13. grein:

Liðimir a-l snerta nánast allir með einum eða öðrum hætti starfssvið heilbrigðisnefnda og embætti heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Því er lagt til að einnig verði leitað til heilbrigðisnefnda sveitarfélaga en ekki einungis til Hollustuverndar ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Athugasemdir við 21. grein:

Í 1. mgr. segir að Hollustuvernd ríkisins sé heimilt til að fela heilbrigðisnefnd eftirlit með því að rekstraraðili móttökustöðvar virði ákvæði starfsleyfis. **Þó skulu þvingunarúrræði vera áfram hjá stofnuninni.** Af eftirtöldum ástæðum leggst Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa gegn þessari útfærslu á framsali framkvæmdar eftirlits:

- Í fyrsta lagi má benda á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að tillögur um reglur vegna meðhöndlunar úrgangs komi frá Hollustuvernd ríkisins, sbr. grein 13. Þá annast sama stofnun eftirlit með framkvæmd stórs hluta meðhöndlunar úrgangs. Slíkt samræmist illa ákvæði 11. gr. reglugerðar nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera, en þar segir; „*leitast skal við að tryggja að það séu ekki sömu aðilar sem setji reglur og annist framkvæmd eftirlits*“.
- Í öðru lagi er eftirlitsaðili án þvingunarúrræða eins og tannlaust ljón! Slíkt eftirlit er ekki í hag umhverfisins og kallar á tvíverknað og til aukins kostnaðar þar sem sérstaklega þarf að kalla til aðilann með þvingunarúrræðin, þ.e. Hollustuvernd ríkisins, ef á þarf að halda.

- Í þriðja lagi gerir nálægð heilbrigðisfulltrúans við eftirlitsþega fulltrúanum kleift að halda uppi virku og sýnilegu eftirliti.
- Í fjórða lagi er reynsla síðustu ára sú að vegna lanfræðilegrar fjarlægðar Hollustuverndar ríkisins við eftirlitsþega sína er stofnunin illa í stakk búin til þess að taka sinna skildum sínum. Hér er á ferðinni stór fullyrðing af hálfu Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa sem Umhverfisnefnd Alþingis getur fengið rökstudda með dæmum verði eftir því leytað.
- Í fimmta lagi er nærtækara fyrir íbúa sveitarfélaga að leita til síns heilbrigðisfulltrúa ef upp koma vandamál en að leyta þurfi til fjarægrar stofnunnar sem hefur ekki tök á því að koma og skoða aðstæður fyrr en að nokkrum dögum liðnum.
- Í sjötta lagi hefur það verið almenn stefna ríkisvaldsins að einfalda eftirlit og auka skilvirkni þess, sbr. lög nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur. Eftirlitsaðlili án þvingunarúrræða er ekki líklegur til þess að standa fyrir skilvirku eftirliti.

Með vísan í þau rök sem fram hafa verið færð hér að ofan gerir Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa alvarlega athugasemd við fyrirhugaða miðstýringu á beitingu þvingunarúrræða. Þá leggur félagið til að frumvarpinu verði breytt þannig að:


- Helbrigðisnefndum verði falið að annast umrætt eftirlit og þar með heimilað að beita þvingunarúrræðum.

Til vara er lagt til að:

- Hollustuvernd ríkisins verði heimilað að framselja vald til beitingar á þvingunarúrræðum til heilbrigðisnefnda ásamt framsali á framkvæmd eftirlits.

Að lokum er beðist velvirðingar á því hve seint þessi umsögn berst.

Virðingarfyllst.

  
Bergur Sigurðsson,  
formaður.

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/985*  
*komudagur. 13. 2. 2003*

Umhverfisstofnun Alþingis.

Meðhöndlun úrgangs, 338. mál.

Samkvæmt gildandi rétti er tillagan í algæri andstöðu við gildandi framkvæmd 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt varðandi rekstrarkostnað, sem miðast að meginstefnu við heimild til gjaldfærslu áfallins kostnaðar samkvæmt fullnægjandi skjölun fyrir sönnun þess útlagða kostnaðar, sem gjaldfærður er í samræmi við viðurkenndar reglur. Óviss kostnaður eða gjaldfærsla til að mæta framtíðar útgjöldum hefur þannig ekki verið viðurkenndur, hvort heldur til að mæta ábyrgðum vegna verka eða t.d. seldra tækja í ábyrgð. Frávik svo sem hér er lagt upp með er þannig í algjörrri andstöðu við viðurkenndar meginreglur á þessu sviði.

Ragnheiður Snorradóttir,  
fjármálaráðuneytinu.

## Athugasemdir við frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Undirritaður var í nóvember s.l. kallaður á fund háttvirtrar umhverfisnefndar Alþingis vegna umfjöllunar nefndarinnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs. Í þessu skjali hér vill undirritaður halda til haga nokkru af því sem þar bar á góma og koma á framfæri við nefndina sem formlegum athugasemdum við frumvarpið.

Það skal tekið fram að undirritaður hefur nokkra reynslu af verkefnum að endurvinnslu og endurnýtingu lífræns úrgangs, bæði í starfi fyrir GFF síðustu 3 ár sem og sjálfstætt starfandi ráðgjafi og starfsmaður verkfræðistofu á tíunda áratugnum.

### **Meginathugasemd: Í frumvarpið vantar kjarnann úr tilskipun ESB**

Í greinargerð sem fylgir frumvarpinu er sagt að frumvarpið sé samið með hliðsjón af tilskipun 1999/31/EB. Undirritaður fylgdist í starfi sínu grannt með aðdraganda tilskipunarinnar á síðasta áratug. Meginstoðir tilskipunarinnar hafa alltaf verið og eru greinilega enn í endanlegri gerð hennar, magnbundin skilyrði um það magn af lífkleyfum neysluúrgangi sem leyfilegt verður að urða í framtíðinni. Þessi skilyrði er að finna í 5. grein tilskipunarinnar og kveða á um tímasetningar og um hlutfallslega minnkun þessa úrgangs til urðunar miðað við magn á ákveðnum tíma til viðmiðunar. Í tengslum við þessi skilyrði er svo gert ráð fyrir að framvegis verði urðunarstaðir innan lögsögu EES af þremur gerðum eingöngu, a) fyrir spilliefni, b) fyrir hættulítinn úrgang og c) fyrir óvirkan úrgang. Hugsunin sem að baki liggur af hálfu ESB er afar heilleg og til þess fallin að almenningur og atvinnulíf taki upp nýjan sið hvað varðar þennan þátt umhverfismála.

Það er því mikið undrunarefni að þennan heilsteypta kjarna úr tilskipun ESB er hvergi að finna í því frumvarpi um meðhöndlun úrgangs sem nú liggur fyrir Alþingi. Það er miður því það sem umræðu og stefnumörkun hérlendis um sorp og önnur nátengd umhverfismál vantar er staðfesta, skýr og skynsamleg viðmið. Sennilega hafa engin ríki í Evrópu eins ríka ástæðu og Íslendingar til að fara eftir ákvæðum tilskipunarinnar um að beina lífrænum úrgangi í aðra farvegi en urðun. Nýting þessara efna til uppgræðslu og ræktunar er sjálfsagðari og eðlilegri hérlendis en í nokkru öðru Evrópuríki enda viðurkennt að uppblástur og gróðureyðing sé eitt vandasamasta umhverfismál íslensku þjóðarinnar. Þannig má í raun færa að því rök að framkvæmd tilskipunar ESB um urðun úrgangs sé hvergi eins auðveld og á Íslandi, vegna þess að þar með gefst færi á að slá a.m.k. tvær flugar í einu höggi.

Nú þegar liggur fyrir talsverð reynsla af því hvernig ólíkir þættir þessa ferlis koma út við íslenskar aðstæður. Flokkun lífræns úrgangs, söfnun, flutningar, vinnsla og nýting eru allt þættir sem m.a. GFF býr yfir þekkingu um, í gegnum verkefnið Skil 21. Þá er rétt að nefna að um miðjan tíunda áratuginn var gangsett verkefni í Hafnarfirði í umsjón Gámaþjónustunnar hf, þar sem 100 heimili tóku þátt í flokkun á lífrænum



áætlun um að minnka í áföngum heimilis- og rekstrarúrgang sem fer til urðunar og flokka skal urðunarstaði í þrjá flokka eftir því hvers konar úrgang heimilt er að urða.” Það sem undirritaður hefur undirstrikað í þessari tilvitnun er villandi, kannski mistök þeirra er sömdu greinargerðina, en ef ekki þá staðfestir orðalagið sérkennilega tilhneigingu til að forðast umræddan kjarna tilskipunar ESB. Samkvæmt beinum tilvitnunum í 5. grein frumtextans hér að ofan snýst málið um “**biodegradable municipal waste**”, um að minnka lífkleyfan neysluúrgang sem fer til urðunar en ekki almenna og ótilgreinda minnkun á rusli til urðunar.

### **Að lokum**

Einhvers staðar segir að Íslendinga setji jafnan hljóða þegar kemur að kjarna máls. Undirritaður vill helst ekki trúna því að þetta gildi um íslenskun og útfærslu háttvirts Alþingis á gagnmerkum lagatexta frá ESB. Sá texti er að frumgerð þannig samsettur að engu er líkara en hann taki sérstakt tillit til aðstæðna á Íslandi og gæti, séð út frá ólíkum hagsmunum ólíkra þjóðríkja í ESB, þess vegna verið saminn héraendis. Það að halda þeirri hugsun ekki til haga í frumvarpinu veur þ.a.l. þeim mun meiri furðu.

Undirritaður leyfir sér að senda háttvirtri umhverfisnefnd nokkur eintök af Fréttabréfi GFF frá því í haust þar sem téðri tilskipun ESB eru gerð sérstök skil í leiðara á forsiðu, í samhengi við starf og tilgang samtakanna.

Að öðru leyti en því sem að ofan er samandregið um helstu ágalla frumvarps um meðhöndlun úrgangs virðist undirrituðum að frumvarpið sé framfaraskref í umhverfismálum á Íslandi.

Virðingarfyllst, f.h. GFF:



Björn Guðbrandur Jónsson framkvæmdastjóri GFF

31. jan 2003

waste produced in 1995 or the latest year before 1995 for which standardised Eurostat data is available.” Ártalið hér er því 2006 (1999 + 2 + 5)

Í 5. grein b) í frumtexta tilskipunar ESB segir orðrétt: “not later than eight years after the date laid down in Article 18(1), **biodegradable municipal waste** going to landfills must be reduced to 50 % of the total amount (by weight) of biodegradable municipal waste produced in 1995 or the latest year before 1995 for which standardised Eurostat data is available.” Ártalið hér er því 2009 (1999 + 2 + 8)

Í 5. grein c) í frumtexta tilskipunar ESB segir orðrétt: “not later than 15 years after the date laid down in Article 18(1), **biodegradable municipal waste** going to landfills must be reduced to 35% of the total amount (by weight) of biodegradable municipal waste produced in 1995 or the latest year before 1995 for which standardised Eurostat data is available.” Ártalið hér er því 2016 (1999 + 2 + 15). Feitletranir eru undirritaðs.

Þessar greinar kveða skýrt á um tímasetningar og hlutfallslegar magntölur. Hins vegar vill undirritaður vekja athygli á hvað verður um hugtakið “**biodegradable municipal waste**” á leið þess frá upphafi og inn í frumvarpið um meðhöndlun úrgangs. Þetta er gert vegna þess að þörf er á nákvæmni þegar um lagatexta er að ræða. Í tilfelli þessa frumvarps sem hlýtur oft að virka flókið og loðið er afar nauðsynlegt að rugla ekki saman hugtökum.

“**Biodegradable**” er í íslenskun frumtextans þýtt sem lífrænt. Þetta er of ónákvæmt og í raun rangt. Á íslensku er t.d. talað um einn flokk mengunar- og eiturefna sem “*þrávirk lífræn efni*”. Þessi lífrænu efni eru þrávirk einmitt af því þau eru ekki “biodegradable”. “Biodegradable” vísar til þess eiginleika að efni geti brotnað niður af völdum líffræðilegrar starfsemi. Því miður vantar enn haldgóða íslenskun sem hefur unnið sér sess í málinu, (“*niðurbrotanlegt*” er ekki gott), en besta viðleitni í þá átt að íslenska hugtakið sem undirritaður hefur komist í tæri við er “*lífkleyft*”. Efni eru þá lífkleyf ef þau brotna niður af völdum líffræðilegrar starfsemi. Lífverur kljúfa efnin sumsé. Að tala um “lífræn” efni getur átt rétt á sér í viðteknum skilningi, en harðnákvæm merking þess er að lífræn efni eru efni sem byggð á efnafræði kolefnis og geta því verið fullkomlega manngerð og ólífkleyf, eins og tilfellið er um hin lífrænu, þrávirku efni.

Þýðingarvandi þessa hugtaks kemur reyndar ekki að sök í frumvarpinu um meðhöndlun úrgangs þar sem þar örlar hvort eð er vart á hugsuninni um aðgreiningu úrgangs í lífrænan / ólífrænan eða lífkleyfan / ólífkleyfan.

Hugtakið **municipal waste** virðist skolast dálítið til í íslenskum meðförum. Í skilgreiningu sem fylgir frumtextanum segir: “*municipal waste means waste from households, as well as other waste which, because of its nature or composition, is similar to waste from households.*” Eðlilegasta þýðing þessa hugtaks er því ekki **húsaorp** sem samkvæmt orðanna hljóðan vísar til heimila, heldur frekar **neysluúrgangur eða neyslusorp**, sem nær þá einnig yfir það sem kemur frá ýmiskonar atvinnurekstri, t.d. veitingahúsum og mötuneytum vinnustaða.

Snemma í greinargerð með frumvarpinu er rætt um þessa gerð úrgangs sem **heimilis- og rekstrarúrgang**. Þar segir orðrétt: “*Tilskipunin tekur til urðunar spilliefna, heimilis- og rekstrarúrgangs og óvirks úrgangs. Samkvæmt tilskipuninni skal gera*



úrgangi, verkefni sem gekk svo í nokkur ár. Verkefnið var styrkt af Rannís og var fylgst með öllum þáttum þess, flokkun á upphafsstað, söfnun, flutningum, vinnslu og eiginleikum afurðarinnar, moltu. Flestar niðurstöður af því verkefni eru afar hvetjandi til að halda áfram á þessari braut, en forsendan fyrir því er að fyrir liggi stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um meðhöndlun lífræns úrgangs. Engin slík stefnumótun hefur litið dagsins ljós þó liðinn sé heill áratugur og gott betur frá því að mál þessu tengd fóru að komast á dagskrá. Þar stendur hnífurinn í kúnni. Hlutverk opinberra aðila er augljóst í þessu samhengi og ef þeir draga lappirnar gerist lítið.

Talsverð umræða hefur orðið um gríðarlegan kostnaðarauka sem hlýst af því að taka upp flokkun lífræns úrgangs í samfélaginu. Þar er mikið ofsagt. Undirritaður vann á sínum tíma (1997–1998) greinargerð fyrir 5 sveitarfélög á Vesturlandi sem var kostnaðar- og ábatagreining á möguleggu nýju fyrirkomulagi sorpmála í landsfjórðungnum er skyldi byggjast á flokkun og vinnslu lífræns úrgangs frá heimilum og atvinnurekstri. Þessi vinna var unnin með hliðsjón af téðri tilskipun ESB, sem þá voru bara drög og því að á Vesturlandi stóð yfir undirbúningur að því að taka í notkun nýjan urðunarstað í Fíflholtum á Mýrum. Niðurstaðan var sú að á þeim tímapunkti hefði það haft talsvert minni kostnað í för með sér að gera átak í að flokka og vinna lífrænan neysluúrgang en að halda áfram á sömu braut og áður. Sú niðurstaða helgast af því að þannig hefði mátt skilgreina hinn nýja urðunarstað í Fíflholtum sem urðunarstað fyrir óvirkan úrgang strax frá byrjun og að stórlega hefði dregið úr flutningum á sorpi langar vegalengdir. Á móti kom svo aukinn kostnaður vegna vinnslu (stabilization) lífræns úrgangs.

GFF hefur í samvinnu við nokkur stór og smá fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, haldið úti verkefninu Skil 21, sem snýst um flokkun, lífræns úrgangs sem fellur til hjá þessum fyrirtækjum og nýtingu hans að vinnslu lokinni til uppgræðslu. Reynslan af því verkefni staðfestir það sem að ofan er sagt um að kostnaðarauki af þessu fyrirkomulagi sé oftast stórlega ofmetinn í umræðunni. Meginviðfangsefni og kostnaðarliður við að koma á nýju fyrirkomulagi byggt á flokkun lífræns úrgangs er í raun áróður og fræðsla til þátttakenda, heimila og fyrirtækja. Kostnaðarauki vegna aukins efnis eða þjónustu er ekki stórvægilegur og oftast of mikið úr honum gert. Lykillinn að því héraendis að láta slíkt fyrirkomulag ganga upp þjóðhagslega er að líta á lífrænan úrgang og viðfangsefni í uppgræðslu á örfoka landi í samhengi. Það hefur hvergi verið gert í stjórnsýslunni og þar er að hluta fundin ástæða þess að lítið sem ekkert hefur gerst í þessu þjóðþrifamáli síðustu ár. Enginn aðili utan GFF hefur leyft sér að taka mál upp undir þetta stórum hatti.

### ***Hugtök sem vantar og / eða skila sér ónákvæmt milli þýðinga og skjala***

Þar sem meginathugasemdir undirritaðs snúa að því hvernig 5. grein tilskipunar ESB hefur orðið útundan við samningu frumvarps um meðhöndlun úrgangs er rétt að vekja athygli háttvirtrar umhverfisnefndar á nokkurri ónákvæmni í því hvernig hugtök úr 5. greininni skila sér milli skjala. Þar kunna einnig að liggja að einhverju leyti ástæður þess að umrædda “staðfestu, og hin skýru og skynsamlegu viðmið tilskipunarinnar” vantar í frumvarpið.

Í 5. grein a) í frumtexta tilskipunar ESB segir orðrétt: “*not later than five years after the date laid down in Article 18(1), biodegradable municipal waste going to landfills must be reduced to 75% of the total amount (by weight) of biodegradable municipal*



Reykjavík, 1. október 2002

R02050009

175

Alþingi - ~~Allsherjamefnd~~

Alþingi  
101 REYKJAVÍK

***Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs***

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram að nýju umsögn forstöðumanns Umhverfis- og heilbrigðisstofu frá 20. f.m. um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Borgarráð samþykkti umsögnina, sem fylgir í ljósriti, og lagði áherslu á að frumvarpið yrði ekki afgreitt fyrr en gengið hefur verið frá kostnaðarþætti þess að því er varðar sveitarfélögin.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Afrit:  
Forstöðumaður Umhverfis- og heilbrigðisstofu



Handwritten signature and date: 20. september 2002

Reykjavík, 20. september.2002

**Borgarráð**

Ráðhúsið Reykjavíkur  
101 Reykjavík

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.**

Vísað er til bréfs borgarstjóra, dags. 3. september 2002, þar sem umsögn SORPU um ofangreint lagafrumvarp er vísað til Umhverfis- og heilbrigðisstofu (UHR). UHR skilaði umsögn um sama frumvarp til borgarráðs hinn 24. maí sl.

UHR hefur yfirfarið umsögn SORPU og telur að þar komi fram afar gagnlegar athugasemdir og upplýsingar, sem UHR hafði ekki forsendur til þess að meta í umsögn sinni, um kostnað sem frumvarp þetta mun hafa í för með sér fyrir sveitarfélög. UHR tekur undir ábendingu stjórnar SORPU um þann mikla útgjaldauka fyrir sveitarfélögin sem lagasetning þessi mun hafa.

UHR vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við umsögn SORPU:

1. Í *Inngangi* umsagnar SORPU, er þess getið að hér sé farin sú leið að setja rammalöggjöf þar sem fram komi heimildarákvæði til reglugerðarsetningar. Þess er getið að aðaláhrif laga þessara muni birtast í reglugerðum settum af umhverfisráðherra. Athugasemdir af svipuðum toga er að finna undir *Lið C í Inngangi* umsagnarinnar og í athugasemdum við 13. gr. frv.

Það er tilgangur frv. þessa að innleiða efni ESB tilskipunar nr. 1999/31/EBÍ íslensk lög en tilskipun þessi var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið hinn 18. maí 2001. Samkvæmt tilskipuninni er heimilt að veita undanþágur frá tilteknum ákvæðum hennar og endurspeglast þær heimildir í lagafrumvarpinu sjálfu. Reglugerðir sem settar verða á grundvelli frumvarps þessa, verði það að lögum, verða að endurspeгла vilja löggjafans eins og hann kemur fram í texta laganna.

UHR er sammála SORPU um að töluvert á eftir að útfæra í reglugerðum varðandi tæknilega útfærslu laganna en leyfir sér að áréttu að þar geti ekki orðið um að ræða neinar efnislegar breytingar frá lögunum, þ.m.t. engar und antekningar frá nefndri tilskipun sem ekki endurspeglast í lagafrumvarpinu sjálfu. Með vísan til athugasemdar SORPU undir *Lið E í Inngangi*, má geta þess að viðmiðun um upphæð tryggingar er nokkuð sem útfæra mætti í reglugerð. Yfirleitt er forðast að festa fjárhæðir í lög.

2. Í athugasemdum við 1. gr. frv. telur SORPA, að í frv. sé ekki að finna nein “meðul eða aðferðir” til þess að ná fram því markmiði laganna að draga skipulega úr myndun úrgangsefna. SORPA leggur því til að orðalagi 1. gr. verði breytt í samræmi



við þann skilning sinn. UHR fellst á, að það er ekki meginmarkmið þessa frv. að draga úr sorpi en, með vísan til 4. gr. frv., getur UHR ekki fallist á að í frv. sé ekki að finna nein ákvæði í þá veru. Í samræmi við ESB tilskipunina, sem frv. þessu er ætlað leiða í lög, kveður 4. gr. frv. á um að gera skuli áætlanirum meðhöndlun úrgangs, m.a. með það að markmiði að draga úr myndun úrgangs. Með vísan til þessa, og þess að minnkun sorps hlýtur ávallt að vera grundvallaratriði í stefnu sveitarfélaga í sorphirðumálum, getur UHR ekki fallist á það sjónarmið SORPU að breyta orðalagi 1. gr. þannig að fellt verði út það orðalag að það sé markmið laganna að dregið verði skipulega úr myndun úrgangsefna.

3. Með vísan til athugasemda SORPU við 3. mgr. 4. gr., vill UHR geta þess, að það er ekki skilningur UHR að landsáætlun sú sem Hollustuvernd mun setja taki beint á tæknilegum lausnum og kostnaði heldur verði í þeirri áætlun sett meginmarkmið á landsvísu um meðhöndlun úrgangs. Sveitarfélögum er síðan ætlað að semja og staðfesta áætlun, sem gildir fyrir það svæði, “og skal sú áætlun byggjast á markmiðum landsáætlunar”, sbr. 4. mgr. 4. gr. frv. Með vísan til athugasemda SORPU, telur UHR þó fulla ástæðu til þess að skerpa á orðalagi 4. gr. frv. svo ekki leiki vafi á því hvað á að vera efni landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs.

4. Með vísan til athugasemda SORPU við 16. gr. frv., þ.e. að í frv. vanti upplýsingar um hvernig farið skuli með kostnað af þeim aðgerðum til úrbóta sem hugsanlega þarf að grípa til eftir lokun urðunarstaðar, vill UHR geta þess að það er skilningur UHR hér væri um kostnað að ræða sem greiða ætti af starfsleyfistryggingu þeirri sem rekstraraðila er skylt að taka, sbr. 15. gr. frv.

5. Af tilefni athugasemda SORPU við 17. gr. frv. vill UHR ítreka fyrir athugasemdir sínar við 21. gr. frv. er varða einnig útgáfu starfsleyfis og eftirlit með starfsemi. UHR leyfir sér að endurtaka, að það er eindregin skoðun stofunnar að útgáfa starfsleyfis og eftirlit með starfsemi, þ.m.t. beiting þvingunarúrræða, fari best á sömu hendi og að eftirlit með meðhöndlun úrgangs sé best fyrir komið í höndum heilbrigðisnefnda sveitarfélaga.

Virðingarfyllst,

Elly K. J. Guðmundsdóttir  
forstöðumaður



Borgarstjórinn í Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/84,*  
*komudagur 22.1.2003*

Reykjavík, 14. janúar 2003

R02050009

175

GE/is


Alþingi - Umhverfisnefnd

Alþingi  
101 REYKJAVÍK

***Meðhöndlun úrgangs - umsögn um frumvarp***

Á fundi borgarráðs í dag var lögð fram umsögn forstöðumanns Umhverfis- og heilbrigðisstofu frá 12. þ.m. um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Borgarráð samþykkt að senda Alþingi umsögnina.

  
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Samrit:  
Umhverfis- og heilbrigðisstofa



Borgarráð  
Ráðhúsi Reykjavíkur

Reykjavík, 12. janúar 2003

**Varðar: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.**

Vísað er til fyrri umsagna Umhverfis- og heilbrigðisstofu (UHR), dags. 24. maí og 20. september 2002, um drög að ofangreindu frumvarpi.

*Almennar athugasemdir:*

Frumvarpið hefur breyst nokkuð í meðförum þingsins frá síðustu yfirferð og tekið hefur verið tillit til margra athugasemda sem komu fram í fyrri umsögnum UHR. Þetta á við athugasemdir við 2. mgr. 4. gr. þar sem nú hefur verið skilgreint með skýrari hætti hvaða þætti eftirlits heilbrigðisnefndir sveitarfélaga fara með, 1. mgr. 5. gr. þar sem nú er skilgreint nánar í greinargerð undir hvaða kringumstæðum ráðherra sé heimilt að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, 2. mgr. 5. gr. þar sem nú kemur skýrt fram hvenær Umhverfisstofnun skuli gefa út starfsleyfi, 10. gr. þar sem nú koma fram skýrari leiðbeiningar um meðhöndlun úrgangs fyrir förgun, og 21. gr. þar sem nú er kveðið á um að Umhverfisstofnun sé heimilt að fela heilbrigðisnefndum framkvæmd þvingunarræða ásamt eftirliti.

Fyrir utan breytt ákvæði 2. mgr. 11. gr. frv., sem nú veitir sveitarfélögum rýmri heimild til gjaldtöku (sbr. frekari aths. hér fyrir neðan), er ekki að finna breytingar í nýjum drögum er hafa áhrif á fjárhagslegar skuldbingar sveitarfélaga.

*Athugasemdir við einstakar greinar:*

2. mgr. 3. gr.

Til bóta væri að skilgreina hugtakið “söfnunarstöð (gámastöð)” með nákvæmari hætti og þá sérstaklega hvort ekki sé ætlunin að grenndarstöðvar falli undir þetta hugtak sem og aðrir óhefðbundnir söfnunarstaðir, s.s. bensínstöðvar o.fl. sem taka á móti rafhlöðum í dag.

3. mgr. 4. gr.

Til bóta væri að skilgreina hvenær fyrsta landsáætlunin skuli vera tilbúin. Í reglugerð nr. 85 frá 1999 um úrgang hafa verið ótímasett ákvæði um gerð landsáætlunar en hún hefur enn ekki litið dagsins ljós.

2. mgr. 6. gr.

Þess er ekki lengur krafist að afrit af samþykktu deiliskipulagi, á því svæði sem móttökustöð er fyrirhuguð, fylgi umsókn um starfsleyfi heldur einungis upplýsingar



um “stöðu skipulags”. Nauðsynlegt er að fyrir liggi samþykkt deiliskipulag áður en starfsleyfi er afgreitt.

11. gr.


Ákvæði 2. mgr. hefur nú verið breytt á þann veg að sveitarfélögum er heimilt að innheimta gjald ekki einungis fyrir “alla meðhöndlun úrgangs” heldur einnig “tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga þessara, svo sem þróun nýrrar tækni við meðhöndlun úrgangs, rannsóknir, fræðslu og kynningarmál”. Ákvæði 3. mgr. stendur hins vegar óbreytt sem: “Gjald sem sveitarfélag eða byggðasamlag innheimtir skal þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem almennt fellur til við meðhöndlun úrgangs í sveitarfélaginu.” Sveitarfélög hljóta að fagna þeirri breytingu sem nú hefur verið gerð á ákvæði 2. mgr. en enduskoða þarf ákvæði 3. mgr. m.t.t. þessarar breytingar þar sem það samræmist ekki breyttu ákvæði 2. mgr.

17. gr.

Í 5. mgr. 17. gr. þarf að bæta inn “...eða viðkomandi eftirlitsaðila” eftir orðið Umhverfisstofnun líkt og í 16. gr. (í athugasemdum við einstakar greinar frumvarpsins hefur 5. mgr. verið sett sem 4. mgr.)

Virðingarfyllt,

Elly K. J. Guðmundsdóttir  
forstöðumaður



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 128/475*  
*komudagur 4.12.2002*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. Evu M. Ævarsdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 4. desember 2002

Sam 404/2002 PS/sp  
Tilv.: 215,0/05

### **Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 3. desember, var lagt fram bréf umhverfisnefndar Alþingis, dags. 27. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál, EES-reglur.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi umsögn.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs





# Umsögn

## Sambands íslenskra sveitarfélaga

### um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Stjórn sambandsins samþykkti á fundi sínum þann 14. júní sl. umsögn um framangreint frumvarp. Í þeirri umsögn voru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frumvarpið. Stjórnin lagði til að kannað yrði á hverju ári þar til afleiðingar laganna væru að fullu komnar í ljós hversu mikill kostnaður væri fólgin í meðhöndlun úrgangs. Að lokinni slíkri árlegri könnun yrði sveitarfélögunum jafnhliða tryggðir fjármunir til þess að standa undir þeim kostnaðarauka sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sveitarfélögin til að standa undir.

Á þeim tíma sem liðinn er frá samþykkt framangreindrar umsagnar hafa þessi málefni verið rædd meðal sveitarstjórnarmanna. Fram hafa komið miklar áhyggjur af þeim kostnaðarauka sem fylgja mun í kjölfar samþykktar slíkra laga. Sérstaklega hafa sveitarstjórnarmenn á landsbyggðinni áhyggjur þar sem ljóst er að þar mun kostnaðaraukinn verða hlutfallslega mestur. Þá hafa einnig komið fram verulegar efasemdir um umhverfislegan ávinning af frumvarpinu og þar með hvort skynsamlegt sé að auka kostnað við meðhöndlun úrgangs verulega ef umhverfislegur ávinningur er ekki ljós.

Nauðsynlegt er að kostnaðarmat liggi fyrir áður en frumvarpið verður afgreitt og er það tillaga stjórnarinnar að unnið verði eins nákvæmt kostnaðarmat og frekast er unnt. Stjórn sambandsins leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði afgreitt fyrr en slíkt kostnaðarmat liggur fyrir og sveitarfélögunum jafnframt tryggðar tekjur til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem af samþykkt frumvarpsins hlýst.

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 3. desember 2002.


Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1302*  
*komudagur 24.2.2003*

Tillaga um breytingu á frumvarpi til laga um meðhöndlun úrgangs

Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

“Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfissráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð 6 mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfissráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á hinu evrópska efnahagssvæði. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfissráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um með hvaða hætti þeim kostnaði verði mætt.”



*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 128/1249*  
*komudagur 24.2.2003*

## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Umhverfisnefnd Alþingis  
b.t. Evu M. Ægisdóttur  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 24. febrúar 2003

Sam 047/2003 PS/sp  
Tilv.: 215,0

### **Efni: Frumvarp um meðhöndlun úrgangs**

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 21. febrúar, var fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs sem núna er til meðferðar í Alþingi.

Stjórnin samþykkti að senda umhverfisnefnd Alþingis meðfylgjandi umsögn um frumvarpið.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason  
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Umsögn um frumvarp um meðhöndlun úrgangs



## Umsögn

### Sambands íslenskra sveitarfélaga

#### Umsögn um frumvarp um meðhöndlun úrgangs.

Stjórn sambandsins er kunnugt um að nú sé til meðhöndlunar í umhverfisnefnd Alþingis frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs og voru fulltrúar sambandsins boðaðir til fundar með nefndinni um málið þann 20. febrúar sl.

Tvívegis áður hefur stjórn sambandsins gefið umsögn um framangreint frumvarp og hafa þær umsagnir aðallega snúist um áhyggjur af verulegum kostnaðarauka sem lögfesting frumvarpsins hefur í för með sér. Í umsögn sem stjórnin samþykkti 3. desember 2002 var lögð áhersla á að nauðsynlegt væri að kostnaðarmat væri fyrirbyggjandi áður en frumvarpið væri afgreitt og að sveitarfélögunum væru tryggðar tekjur til að standa undir kostnaðarakanum.

Fyrir liggur að ekki verði lengur beðið með að lögfesta frumvarpið vegna skuldbindinga íslenska ríkisins gagnvart EES-samningnum. Ljóst er að fullnægjandi kostnaðarmat liggur ekki fyrir enda er viðurkennt að óvissuþættir varðandi framkvæmd laganna og setningu reglugerða samkvæmt þeim eru slíkir að raunhæft kostnaðarmat er ógerlegt á þessum tímapunkti.

Í ljósi framangreindra aðstæðna leggst stjórnin því ekki gegn samþykkt frumvarpsins enda verði tryggt að markmiðum laganna verði náð með eins litlum kostnaðarauka og unnt er. Jafnframt verði tryggt að áhrif og framkvæmd laganna verði könnuð eftir því sem reynsla fæst af framkvæmd þeirra og sveitarfélögunum tryggðar tekjur til að standa undir þeim kostnaðarauka sem af þeim hlýst.

Sambandið leggur því til að eftirfarandi ákvæði verði bætt við frumvarpið sem ákvæði til bráðabirgða:

*“Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð 6 mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs héraðs og á hinu evrópska efnahagssvæði. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um með hvaða hætti þeim kostnaði verði mætt.”*

Þannig afgreitt á fundi stjórnar sambandsins 21. febrúar 2003.

Þórður Skúlason

framkvæmdastjóri

# SSNV. Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. [ssnv@simnet.is](mailto:ssnv@simnet.is)

Alþingi

Erindi nr. P 128/774

komudagur 15.1.2003

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Alþingi  
150 Reykjavík

Hvammstanga 10. janúar 2003

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál, EES- reglur.


Stjórn SSNV hefur fjallað um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál, EES- reglur og gefur um það eftirfarandi umsögn:

Stjórnin gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið þar sem það byggir á EB tilskipun sem felld hefur verið inn í EES samninginn og telst því orðinn hlutur, en efast um umhverfislegan ávinning af svo aukinni skriffinnsku. Stjórnin lýsir hinsvegar áhyggjum sínum af þeirri kostnaðaraukningu sem af lagasetningunni mun leiða, sérstaklega kostnaðaraukningu sveitarfélaga á landsbyggðinn þar sem augljóst er að hún verður hlutfallega mest.

Stjórn SSNV leggst eindregið gegn því að frumvarpið verði að lögum fyrr en nákvæmt kostnaðarmat liggur fyrir um áhrif þess og sveitarfélögum verði tryggðar tekjur til að standa undir þeim viðbótarkostnaði sem af lagasetningunni leiðir.

Stjórn SSNV leggur til að fylgst verði nákvæmlega með árlegum kostnaði af meðhöndlun úrgangs. Á grundvelli þess kostnaðareftirlits verði sveitarfélögunum tryggðir fjármunir til að standa undir þeim kostnaðarauka sem af lagasetningunni leiðir og íslenska ríkið hefur skuldbundið sveitarfélögin til að standa undir.

Virðingarfyllt



Bjarni Þór Einarsson,  
framkvæmdastjóri SSNV.

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík


Reykjavík, 3. janúar 2003.

**Mál nr. 338.**

**Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.**

Meðfylgjandi er umsögn SORPU um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Virðingarfyllst,



Ögmundur Einarsson  
framkvæmdastjóri

## UMSÖGN

## Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs.

Frumvarp þetta hefur áður komið til umfjöllunar innan stjórnar SORPU og var umhverfisnefnd Alþingis send umsögn stjórnarinnar. Stjórnin fagnar því að nokkrar athugasemdir hafa ratað í lagatextann. Stjórnin vill þó áréttta þau önnur atriði sem ekki hafa ratað inn í lagatextann sérstaklega athugasemdir við 1. gr, 13. gr, 16. gr. og 17 gr. Rétt er að áréttta að nauðsynlegt er að þær reglugerðir sem ætlunin er að setja í kjölfar þessara laga séu tilbúna þegar löginn verða samþykkt þannig að hægt sé að gera sér grein fyrir heildaráhrifum lagasetningarinnar. Nýjar athugasemdir eru sem hér segir.

2. gr.  
Gildissvið.

Í textanum segir nú „**Lög þessi gilda um meðhöndlun og aðra meðferð úrgangs**“. Meðhöndlun úrgangs er skilgreind í lögnum en ekki er ljóst hvað átt er við með „**og aðra meðferð úrgangs**“. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að í 10. gr sé fjallað um aðra meðferð úrgangs (en meðhöndlun). Af 10. gr verður ekki séð hvað átt er við með „annari meðferð úrgangs“. Þetta þarf því að skilgreina.

10 gr.  
Meðhöndlun úrgangs

Í fyrstu málsgrein segir m.a. „**Allur úrgangur skal fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur samkvæmt nánari reglum þar um**“. „Meðferð“ er ekki skilgreind í lögnum og því ekki ljóst hvað átt er við. Ekki er heldur fjallað um það í lögnum hvað telst „**viðeigandi meðferð**“.

Í annari málsgrein segir „**Óheimilt er að geyma tæki sem teljast úrgangur, svo sem skip, báta, ökutæki, vinnuvélar og tengivagna, á opinberum bifreiðastæðum, við götur, í fjöru eða annars staðar á almannafæri**“. Þessi grein er mjög óskýr. Hvað er átt við með „tæki sem teljast úrgangur“?. Hvenær telst skip úrgangur eða önnur tæki? Má skilja greinina svo að eigandi strandaðs báts eða skips geti sagt að tækið sé ónýtt og sé því á ábyrgð sveitarfélagsins? Hér þarf nánari skýringar.



Sorpeyðingarstöð  
Suðurnesja sf.

Alþingi  
Erindi nr. P 128/1235

komudagur 21.2.2003

SUÐURNES INCINERATOR AUTHORITY

FITJUM • 260 NJARÐVÍK • SÍMI 421 3788 • FAX 421 3766 • PÓSTHÓLF 56 • KT. 531278-0469 • VEFFANG: www.sss.is/ss • NETFANG: sss@sss.is

Suðurnesjum 10. febrúar 2003.

Nefndasvið Alþingis  
Umhverfisnefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK.

**Varðar umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál,  
EES-reglur.**

Á stjórnarfundum Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja þann 6. febrúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 27. nóv. 2002 þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs, 338. mál, EES-reglur.

Eftirfarandi umsögn var samþykkt:

Athugasemdir við einstakar greinar:

1. Tilskipun ESB 1999/31, sem frumvarpið er byggt á, segir að draga þurfi úr urðun lífræns heimilisúrgangs á 15 ára tímabili en viðmiðunarárið er 1995. Lokatakmarkið er að árið 2016 skuli lífrænn úrgangur ekki vera meira en 35% af því sem hann var á viðmiðunarárinu. Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja telur ljóst að þessar áætlanir munu hafa mikil kostnaðaráhrif á förgun heimilissorps fyrir sveitarfélögin á Suðurnesjum, verði frumvarpið að lögum. Ekki liggur fyrir hver kostnaðaraukinn yrði og því telur stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja brynt að gera kostnaðarmat vegna hinnar nýju tilskipunar.

Athugasemdir við 3. grein:

Söfnunarstöð (gámastöð) - Samræma þarf betur orðaskýringar. Söfnunarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu hafa verið kallaðar endurvinnslustöðvar en samkonar stöðvar á Suðurlandi gámastöðvar. Þetta veldur misskilningi.

Athugasemdir við 15. grein um starfsleyfistryggingu:

Talað er um samfellda vöktun urðunarstaðar 30 árum eftir að honum er lokað. Ekki er tekið fram í lögum hver sú upphæð á að vera, heldur sé hún metin af Umhverfisstofnun (Hollustuvernd). Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja telur að setja verði skýr viðmið hver upphæðin á að vera, svo sveitarfélög geti gert sér grein fyrir útlögðum kostnaði eftir lokun urðunarstaðar.




Athugasemdir við 21. grein:

Stjórn Sorpeyðingarstöðvar Suðurnesja telur starfsvið heilbrigðisnefnda og Hollustuverndar ekki vera nógu skýr, þ.e. hver fari með eftirlit og þvingunarúrræði. Það er hagur allra aðila að verkvið eftirlitsaðila séu ljós, þ.e. það sé ekki í höndum margra aðila. Samkvæmt 21. grein gefur Hollustuvernd út starfsleyfi en er heimilt að fela heilbrigðiseftirliti eftirlit en að sama skapi verða þvingunarúrræðin áfram hjá Hollustuvernd. Þetta leiðir til ósamræmis og óvirkni í boðleiðum fyrir alla hagsmunaaðila.”

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,



Guðjón Guðmundsson, framkv.stj.



Sorpurðun Vesturlands

Borgarnesi, 9. janúar 2003.

Nefndasvið Alþingis.  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

## Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

### UMSÖGN


Ástæða þykir til að benda á að það frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs ber þess nokkur merki að aðeins sé um eitt rekstrarform að ræða í þessum málaflokki, þ.e. byggðasamlag. Eitt fyrirtæki sem rekið er á þessum vettvangi er hlutafélag og í eigu 17 sveitarfélaga á Vesturlandi. Í fyrri umsögn Sorpurðunar Vesturlands hf. var settur fram eftirfarandi texti:

Sorpurðun Vesturlands hf. er eina urðunarfyrirtækið á landinu sem er rekið sem hlutafélag. Því er það umhugsunarefni hvort hlutafélag geti lagt til hliðar fjármagn vegna vöktunarkostnaðar, sem væri frádráttarbært sem rekstrarkostnaður á grundvelli 31. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt. Sveitarfélög og félög sem sveitarfélög bera ótakmarkaða ábyrgð á, svo sem byggðasamlög, eru undanþegin álagningu tekjuskatts sbr. áður nefnd lög og greiða því ekki tekjuskatt til rikissjóðs af rekstrarafgangi sínum. Því þarf að tryggja að það fjármagn sem lagt verður til hliðar til að mæta vöktunarkostnaði eftir að urðunarstað er lokað, verði frádráttarbært sbr. 31. gr. laga nr. 75/1981.

Starfsleyfistrygging skal gilda í 30 ár eftir að urðunarstað er lokað en úrfærsla þeirrar starfsleyfistryggingar liggur ekki fyrir. Þess er farið á leit við Nefndasvið Alþingis að tekið verði tillit til mismunandi rekstrarfyrirkomulags fyrirtækja við nánari útfærslu starfsleyfistryggingarinnar.

Ástæða þykir til að benda á þetta og hvort rekstrarform þeirra félaga/fyrirtækja sem málaflokkurinn varðar geti varðað fleiri mál en hér er getið.

Virðingarfyllst.

  
Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri.

Minnisblað

Viðtakandi: Umhverfisnefnd Alþingis  
Sendandi: Umhverfissráðherra  
Dagsetning: 27. nóvember 2002  
Málsnúmer: UMH02090084  
Bréfalykill: 0012

Efni: Frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs

Á fundi umhverfisnefndar Alþingis þann 21. nóvember 2002 var rætt um kostnaðaráhrif frumvarps til laga um meðhöndlun úrgangs m.a. að því er varðar auknar kröfur um vöktun urðunarstaða. Óskað var eftir upplýsingum um áhrif þeirra þátta á urðunarstaði sem eru í rekstri.

Um þann þátt frumvarpsins sem lítur að vöktun urðunarstaðar eftir að honum er lokað segir í umsögn fjármálaráðuneytisins:

"Misjafnt er hve umfangsmikið og dýrt eftirlit þarf með urðunarstöðum eftir að rekstri þeirra hefur verið hætt og þeim lokað. Ræðst það bæði af því hvers konar úrgangur hefur verið urðaður sem og vatnafari og jarðfræði staðarins. Áætlað er að árlegur eftirlitskostnaður við urðunarstað geti legið á bilinu 0,2 m.kr. til 1,5 m.kr. á ári."

Fyrir á þessu ári óskaði ráðuneytið eftir áætlun tveggja sorpsamlaga um aukningu kostnaðar vegna krafna tilskipunar um urðun úrgangs um vöktun á rekstartímabilinu og eftir að urðunarstað er lokað sbr. 16. og 17. gr. frumvarpsins. Bent skal á undanþáguheimild vegna tiltekinna þátta vöktunar í 2. mgr. 17. gr. frumvarpsins. Talið er að u.þ.b. 7 urðunarstaðir sem eru nú í rekstri geti sótt um slíkar undanþágur auk 6 staða þar sem einungis er urðaður óvirkur úrgangur. Samkvæmt 3. mgr. 17. gr. skal endurskoða fyrirkomulag vöktunar á þriggja ára fresti frá lokun urðunarstaðar. Í athugasemdum við ákvæðið segir að við þá endurskoðun sé unnt að meta m.a. hvort unnt sé að draga úr vöktun. Einnig skal afmarka það svæði þar sem sýnataka fer fram áður en starfsleyfi er gefið út skv. 2. mgr. 17. gr. Eftirfarandi tölur eru miðaðar við viðauka tilskipunar um urðun úrgangs um vöktun á rekstrarskeiði urðunarstaðar og eftir að urðunarstað hefur verið lokað. Varðandi vöktunarkostnað eftir að urðunarstað er lokað er miðað við áætluð efri mörk þess kostnaðar þ.e. 1,5, m. kr. á ári.

Sorpeyðing höfuðborgarsvæðisins bs. (SORPA) telur að kostnaður SORPU bs. við vöktun á rekstrarskeiði urðunarstaðar muni aukast úr 500.000 kr. á ári í 3-4.000.000 kr. á ári. Kostnaður við vöktun urðunarstaðar eftir lokun er áætlaður um 1,500.000 kr. á ári. Miðað við 30 ára vöktunartíma er um að ræða ca. 45.000.000 kr. sem jafna þyrfti á rekstrartímabilið (miðað við 10 ára rekstrartímabil 4,5 m kr. á ári). Kostnaður af vöktun á rekstrarskeiði hjá SORPU bs. í dag er 0.07% af árlegum rekstrarkostnaði í dag en yrði 0.47%. Ef vöktunarkostnaði eftir lokun er einnig jafnað á 10 ára rekstrartímabil (4,5 m kr. á ári) myndi þessi kostnaður aukast í rúm 1% af rekstrarkostnaði. Hjá SORPU bs er tekið við u.þ.b. 110 þúsund tonnum af úrgangi á ári.

Ráðuneytið óskaði einnig upplýsinga frá Sorpstöð Suðurlands. Kostnaður vegna vöktunar í sorpstöð Suðurlands er u.þ.b. 1% af rekstarkostnaði í dag en er talinn fara í u.þ.b. 8% af rekstarkostnaði eftir að urðunartilskipunin hefur tekið gildi. Hjá sorpstöð Suðurlands er tekið við u.þ.b. 13.000 tonnum af úrgangi.